



Skýrsla til ríkisstjórnar Íslands um viðræður við
Breta, 28. október til 4. nóvember 1960, varðandi
lausn landhelgisdeilunnar

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðismálaráðherra –
Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmaálamaðurinn

Askja 2-25, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skýrsla til ríkisstjórnar Íslands um viðræður við Breta, dagana 28. okt. til 4. nóv. 1960, varðandi lausn landhelgis málsins.

Af Breta hálfu mættu þeir fulltrúar, sem komu til viðræðnanna í Reykjavík. Sir Patrick Reilly sagði þegar í upphafi, að það væru Bretum mikil vonbrigði, að ríkisstjórn Íslands hefði ekki viljað fallast á að breyta nefndin komi aftur til Íslands til frekari viðræðna. Af Íslands hálfu var því til svarað, að það mundi engum gagn gera að hittast aftur á foralegum grundvelli, ef ekki væri áður búið að kanna til hlítar, hvort nokkur leið væri finnanleg til samkomulags.

Þessu næst lögðu Íslensku fulltrúarnir fram þau fyrirfalli sem þeir höfðu frá ríkisstjórn sinni svo, sem frá er greint í fylgiskjali.

Af Breta hálfu kom það strax fram, að þeir töldu, að hugmyndir Íslendinga í þessu efni væri gersamlega út í bláinn. Þeir sögðu að ef þessar tillögur öttu að komast í framkvæmd mundu brekkir togarar verða í miklu verri aðstöðu heldur en þeir yrðu jafnvel þótt Bretar samþykktu þegar í stað núgildandi geglugerð. Um þetta var þjarkað um nokkurra daga skeið fram og aftur og vildi hvorugur gefa sinn hlut. Þór svo að lokum, að báðir aðilar gerðu sér grein fyrir því, að engin lausn væri hugsanleg í málinu, nema að báðir slökuðu til. Varð út þessu samkomulag um, að fulltrúar beggja aðila mundu leggja til við ríkisstjórnir sínar, að málið yrði leyst á eftirfarandi grundvelli:

- 1.) 12-míllur. Bretar viðurkenna að meginstefnu til að fiskveiðilögsaga við Ísland skuli ná 12-míllur frá grunnlínum.
- 2.) Grunnlínur. Nestur hluti tímans fór í að þjarka um þetta atriði. Svo sem frá hefur verið skýrt í skeyti áður, töldu Bretar í upphafi viðræðnanna, að mjög miklum vandkvæðum væri bundið að fallast

á grunnlínubreytingar. Við sögðum þeim þá, að ef sú væri þeirra endanlega skoðun, væri ekki til neins að ræða málið frekar. Íslendingar mundu aldrei setta sig við að láta Breta stunda fiskveiðar innan 12- mílna markanna, ef ekki kæmi á móti það sem þeir mundu telja að skapaði jafnværi. Í þessu sambandi og raunan í öllum viðræðunum sögðu Bretar, að Íslendingar færu fram á vilyrði sér til handa um alla eilífð og vildu sjálfir ekkert láta í staðinn nema um tekmarkaðan tíma og helst í 3 ár. Endanlega niðurstaðan varð sú, að báðir aðilar tóku að sér að mæla með eftirfarandi grunnlínubreytingum:

- a.) Bein lína frá grunnlínu-púnkti 1 í 5.
- b.) Bein lína frá grunnlínupúnkti 12 í 16.
- c.) Bein lína frá grunnlínupúnkti 51 í 42.
- d.) Annaðhvort bein lína frá grunnlínu-púnkti 36 í 51 eða 35 í 39. Í fyrra dæminu mundi nauðsynlegt að loka bátasvæðum fyrir þrekkum togurum.

3.) Bátasvæði milli 6 og 12-mílna. Þetta atriði ræddi Davíð Ólafsson ítarlega við Mr. Engholm, og kom þar eftirfarandi fram.

Veiðisvæði milli 6 og 12 mílna.

Í viðræðunum um þetta atriði, sem fóru fram milli Mr. Engholms og aðstoðarmanna hans annarsvegar og D. Ól. hinsvega, dagana 1. og 3. nóvember kom eftirfarandi fram í meginatriðum:

1. Yfirleitt töldu þeir mjög ófullnægjandi þau tímabil, sem hin fýsru svæði skyldu vera heimil þeim milli 6 og 12 mílna, en lögðu þó misjafnlega mikla áherslu á þau. Mjög fast sóttu þeir á varðandi svæðin austanlands, einkum sunnan grunnlínupunkta 16 og einnig útaf Vestfjörðum. Hinsvegar gátu þeir eftir atvikum sœtt sig við tímamann fyrir Norðurlandi, þ.e. 11 júní/sept. og sömuleiðis sunnan Langaness, þ.e. milli grunnlínupunkta 12 og 16. Þó létu þeir all-

mikinn áhuga í ljós á að fá sukinn tíma þar. Var síðar búið við einum mánuði þar, máí, og verður því allt tímabilið Maí/Des. Var það að sjálfsögðu gert með tilliti til hinnar miklu grunn tímubreytingar á þessu svæði.

2. Á svæðinu milli grunnlínupunkta 16 og 20 fóru þeir mjög fast fram á að fá tímabilið langt þannig, að það yrði samfelld Jan/Ág., þ.e. að bera inni mánuðunum apríl/júní. Voru talin öll tölmerki á því af okkar hálfu, en þó nefndur sá möguleiki að bæta apríl við, en það væri það lengsta, sem hægt væri að fara. Virtust þeir ekki hafa mjög mikinn áhuga á að fá þá viðbót, svo sem síðar kom fram.
3. Á svæðinu milli grunnlínupunkta 20 og 30 sóttu þeir einnig afar fast á lenginu tímans, einkum að bæta febrúar framanvið. Einnig voru þeim, netasvæðin við Hornafjörð og Ingólfshöfða afar mikill þyrnir í augum, svo sem oft hafði komið fram áður, einkum varðandi síðarnefnda svæðið. Var þeim þá bent á, að grunnlínubreytingar austan og vestan Ingólfshöfða mundu gera okkur mögulegt að sleppa netasvæðunum, en þeir bentu þá aðeins á, að því hefði áður verið algerlega neitað og því væri tómt málið að tala um það nú. Þeir féllust þó á, að bæði þessi netasvæði væru okkur svo þýðingarmikil, að þeir yrðu að samþykkja þau en vildu þó á móti sækja þess, að eystra svæðið yrði stytta lítið eitt að austan, þ.e. að það næði ekki austur fyrir Stokksnes, eða nánar tiltekið 14° 58' SV.1. Var hægt að fallast á það, með því að meginhluti netasvæðisins austan Stokksness er innanvið 6 mílur, en aðeins lítið horn er á svæðinu 6 - 12 mílur.
4. Í sambandi við Austurlandssvæðið var af okkar hálfu minnst á möguleikann á að loka alveg

svæðinu milli Hvalbaks og lands, en það var eins og að skera í kvika, svo viðkvæmt er þeim svæðið umhverfis Hvalvak.

Áður var búið að minnst á þann möguleika að fara tímunn fram til 15. febrúar, án þess að setja það beint í samband við þessa lausan. Þeir vildu þó heldur sleppa alveg apríl á svæðinu 16 - 20 en þurfa að samþykkja Hvalbaks svæðið fyrir innan, en af okkar hálfu var þá engu lofað um hálfan febrúar í viðbót, enda er það mjög erfitt, þar sem línuveiðar standa þá enn yfir.

5. Á svæðið vestan grunnlínupunkts 30 að Vestmannaeyjasvæðinu hafði aldrei verið minnst af hvorugum aðilanum. Nú komu þeir með ósk um að fá það opnað á tímabilinu marz/júlí en af okkar hálfu var ekki talið mögulegt að fara lengra en í apríl en þess í stað að beta ágúst við. Skyldi það svæði takmarkast að vestan við 20° v.l. (Háfadjúp).
6. Um Vestmannaeyjasvæðið og Selvogsbanka var ekki rétt sérstaklega, þar sem grunnlínubreyting var ráðgerð þar og þeir töldu sig ánægða með tímabilið, marz/maí. Hinsvegar var þeim bent á, að ef grunnlínubreytingin yrði minni en milli grunnlínupunkta 35 og 51 mundi það gera nauðsynlegt að hafa lokað netasvæði fyrir sunnan og vestan Vestmannaeyjar á milli 6 og 12 mílna.
7. Í umræðunum um Faxaflóasvæðið og Breiðafjörð var byggt á því, að grunnlínubreyting yrði í 51 - 42. Töldu þeir sig geta fallist á tímabilið marz/maí og netasvæðin á Breiðafirði og við Snæfellsnes. Einnig gátu þeir skilið nauðsyn þess að hafa netasvæði syðst á Faxaflóasvæðinu, frá Geirfugladrang að 64° 13° n.br. Hinsvegar bentu þeir á þá þýðingu, sem grunnlínubreytingin hefði einmitt á suðurhluta

svæðisins, einkum sunnan 64^o n.br. og þeim fannst því eðlilegt að takmarka netasvæðið við það, sem lagi norðan við 64^o n.br. Varð að viðurkennan þetta en á móti var þeim bent á, að einmitt á þessu svæði væri bátafjöldinn hvað mestur og þetta því talið ógerningur af þeirri ástæðu. Síðar komu þeir að þessu aftur og drógu ná úr svæðinu, ef aðeins, eitthvað væri unnt að koma til móts við þá. Var lofað að athuga það, enda sttti að vera möguleiki á að undanskilja einhvern hluta þessa tiltölulega stóra svæðis einkum með tilliti til grunnlínu-breytingarinnar.

8. Á svæðinu undan Vestfjörðum lögðu þeir sem fyrr megináherzlu á lengingu tímans og nefndu í því sambandi sem það allra minnsta á svæðinu milli grunnlínuþunkta 43 og 46 mánuðina maí og júní í viðbót og á milli grunnlínuþunkta 46 og 1 mánuðina janúar og febrúar. Á syðra svæðinu var talið möguleiki á lengingu tímabilsins um einn mánuð, þ.e. júní og yrði þá allt tímabilið júní/okt. Á nyrðra svæðinu væri hinsvegar útilokað að koma til móts við þá með því að bota við jún. og febr. þar sem það væru einmitt mánuðir, sem við teldum nauðsyn á að fá vernduð svæði fyrir utan 12 mílur. Hinsvegar væri hugsanlegt að bota við mánuðunum júlí og ágúst og var það gert með tilliti til grunnlínu-breytingarinnar á Hánaflóa, sem hefir mikla þýðingu fyrir báta, sem fiska á þessu svæði. Töldu þeir það til bóts.
9. Að lokum var rætt um svæðið milli Grímseyjar og lands, sem við teldum þýðingarmikið að opna skki, einnig með tilliti til þess, að þeir væru ófánlegir til að fallast á lokuð svæði utan 12 mílna fyrir Norðurlandi. Teldum við nauðsynlegt að finna einhverja leið til að loka því svæði alveg. Var strax ljóst að þeir voru

til viðtals um slíka lausn ef ekki yrði um stór svæði að ræða en þar greindi okkur á. Vildu þeir aðeins fallast á 6 mílna breitt belti en af okkar hálfu var talið að það þyrfti að vera milli grunnlínupunkta 6 og 8 a.m.k., en það eru um 40 sjómílur. Var að lokum talið hugsanlegt að samkomulag gæri tekist með því að tengja saman hornin sem myndast fyrir austan og vestan grímsey og loka innan þeirrar línu en að 30ru leyti giltu 6 mílna mörkin á áður tilgrindum tíma.

Virðist alls ekki útilokað að skynsamleg niðurstaða fái st í þessu efni.

- 4.) Svæði utan 12-mílna. Brezku fulltrúarnir sögðu allan tímann meðan viðræður stóðu yfir, að það væri geraamlega útilokað frá þeirra sjónarmiði að fallast á nokkur svæði fyrir utan 12-mílur af "princip"-ástandum. Síðasta daginn sagði þó Sir Patrick, að hann mundi til þess að bjarga málinu mæla með því, að Vestfjarðar-svæðið, á þeim tímabilum, sem um er rætt í fylgiskjalinu, yrði samþykkt. Væri þar væntanlega um að ræða svæðið milli 12 og 18 mílna. Hann tók það þó skýrt fram, að lausn málsins kynni ef til vill að stranda á þessu atriði. Af Íslands hálfu, var það greinilega tekið fram á móti, að sú væri einnig okkar skoðun frá öndverðu sjónarmiði.
- 5.) Samningstímabilið. Bretar töldu Íslensku tillöguna um 3ja ára tímabil mjög ósamngjarna. Vitnuðu þeir þá í 10 ára tímabilið frá Genf og sögðu hvað eftir annað, að 3 ár mundi vera samngjörn málamíðlun. Af Íslands hálfu var það skýrt tekið fram, að fiskveiðilögsagan við Íslandstrendur væri algert undantekningar tilfelling þessvegna væri ekki hægt að bera Ísland saman við jafnvel Noreg og því síður nokkurt annað land. Hinsvegar töldum við ekki fráleitt að hugsa sér 4 ára tímabil og skipta

því í tvennt þannig að grunnlíubreytingar mundu ganga í gildi eftir 2 ár og réttindi fyrir brekka togara til veiða innan 12 mílna frá grunnlínum mundu þá gilda í 4 ár. Var togast á um þetta atriði fram og aftur og af Íslands hálfu var það sagt, að ef til vill mætti athuga möguleika á 5 ára tímabili, sem þá mundi skiptast í tvennt eins og áður segir og að því áskyldu, að öll önnur atriði yrðu Íslandi í hag. Allt var þetta þó með fyrirvara af beggja hálfu.

- 6.) Fyrirkomulag að samningstímabilinu loknu. Bretar tóku það fram í viðræðunum í Reykjavík, að það væri algert skilyrði fyrir nokkru samkomulagi af þeirra hálfu, að fyrir það yrði girt að Íslendingar myndu hyggja á frekari einhliða ráðstafanir að loknu samkomulagstímabilinu. Var það ein af ástæðunum fyrir því að þeir töldu sér ekki fært að ganga til móts við Íslendinga varðandi svæði fyrir utan 12-mílna mörkin. Af Íslands hálfu, var það hvað eftir annað tekið fram, að þetta atriði hefði að minnsta kosti jafnmikla þýðingu fyrir okkur. Sérstaklega væri þetta ljóst að því er snertir grunnlínur, vegna þess að Íslendingar mundu alls ekki vilja afsala sér neinum rétti í sambandi við útfærslu á þeim. Hið sama gildi að vissu leyti einnig um 12-mílna mörkin. Öllum væri nú orðið ljóst að mikil þróun hefði átt sér stað á undanförunum 10 árum á þessu sviði. Fyrir 10 árum hefðu Bretar haldið því fram að 3ja-mílna reglan væri heilagt orð, en nú væri hún úr sögunni. Ekki væri útilokað að frekari þróun kynni að koma til og þegar þess væri gætt að Alþingi Íslendinga hefði bæði með landgrunnslögunum og nú nýlega með þingsályktun lýst yfir sínu stefnusjónarmiði þá væri til mikils malst af Íslendingum að stlast til þess að þeir afsöluðu sér nokkrum rétt á þessu sviði. Hinsvegar væri hugsanleg málamiðlun

með þeim hætti að við fengjum samþykki Breta fyrir nauðsynlegum grunnlíubreytingum og samþykktum það að hlíta úrskurði gerðardógs að því er varðaði svæðin fyrir utan 12-mílur. Á síðasta degi viðræðnanna lögðu Bretar til eftirfarandi orðalag:

"The Icelandic Government will not take any action to exclude vessels registered in the United Kingdom from fishing in any area outside the 12 mile limit except in accordance with the terms of a subsequent international agreement embodying a generally accepted rule of law in relation to fishery limits, or in conformity with a rule of international law, established by general consent and recognised as such by the International Court of Justice, which would permit such an extension of fishery jurisdiction."

Við sögðum þegar í stað, að okkur litist ekki á þessa tillöggu vegna þess að í henni felist að Íslendingar getu ekkert gert í málinu nema fyrir lagi dómur. Þess vegna yrði a.m.k. að breyta orðalaginu í þá átt, að ef ágreiningur yrði mundi honum vísað til dóms. Hætti þá ræða nánar um, hvor Alþjóðadómstóllinn væri sá rétti vettvangur eða hvort nota stti það kerfi sem umsamið var í Genf. Frekar var þetta ekki rutt.

- 7.) Efnahagsleg samvinna. Bretar lögðu á það mikla áherslu, að þeir teldu sér ekki fært að koma til móts við Íslendinga varðandi efnahagslega samvinnu (tollalækkun o.s.frv.), ef grunnlíubreytingar og jafnvel þó ekki væri nema eitt svæði utan 12-mílna markanna væri algert skilyrði af Íslendinga hálfu. Stendur það atriði því þannig frásjónarmiði Breta, að Íslendingar eigi tveggja kosti vél.

Lengra varð þessu máli ekki þokað í bili. Þáðar viðræðunefndir tóku að sér að skýra ríkisstjórnunum sínum frá gangi málnna, en hvorug gat að sjálfsgöðu fullyrt nokkuð um hverjar undirtektir yrðu, og af Íslands hálfu var skýrt tekið fram í upphafi að ríkisstjórn Íslands mundi einungis telja sér fært að mæla með þeim atriðum, sem þá var skýrt frá. Það sem nú stendur ef til vill til boða gengur miklu skemma en þar var frá greint og gildir því hinn upprunalegi fyrirvari því fremur. Verður því að skoða ofangreind atriði sem það sem í boði er að því er íslensku fulltrúarnir telja og þó án skuldbindingar af Breta hálfu.

Að lokum stungu Bretar upp á því, að næsti viðræðufundur yrði í London hinn 14. nóvember. Við töldum ekki rétt að mótmæla þeirri tillögu, en ventanlega er ekki útilokað að sá fundur verði í Reykjavík, ef íslensk stjórnvöld telja það hentugra.

London, 4. nóvember 1960.